

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/751

frá 29. apríl 2015

um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Uppskipting innri markaðarins skaðar samkeppnishæfni, hagvöxt og atvinnusköpun innan Sambandsins. Nauðsynlegt er að ryðja úr vegi beinum og óbeinum hindrunum á eðlilegri starfsemi innri markaðarins og koma á fót samþættum markaði fyrir rafrænar greiðslur, þar sem enginn greinarmunur er gerður á greiðslum innanlands og yfir landamæri, til að innri markaðurinn geti starfað eðlilega.
- 2) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB⁽⁴⁾ er lagður lagagrunnur að myndun innri markaðar innan Sambandsins fyrir greiðslur þar sem hún auðveldaði verulega starfsemi greiðsluþjónustuveitenda með því að setja samræmdar reglur að því er tekur til veitingar greiðsluþjónustu.
- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009⁽⁵⁾ er þeirri meginreglu komið á að gjöld notenda vegna greiðslu yfir landamæri í evrum séu þau sömu og vegna samsvarandi greiðslu innan aðildarríkis, þ.m.t. kortatengdar greiðslur sem falla undir þessa reglugerð.
- 4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012⁽⁶⁾ kveður á um reglur um virkni millifærslna fjármuna og beingreiðslna í evrum á innri markaðnum en undanskilur kortatengdar greiðslur frá gildissviði sínu.
- 5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB⁽⁷⁾ miðar að því að samræma tiltekna reglur um samninga sem neytendur og seljendur gera sín á milli, þ.m.t. reglur um gjöld vegna notkunar á greiðslumiðlum, sem aðildarríki styðjast við til að banna seljendum að krefja neytendur um gjöld fyrir notkun tiltekins greiðslumiðils umfram þann kostnað sem seljandinn hefur haft af notkun þess greiðslumiðils.
- 6) Öruggar, skilvirkar, samkeppnishæfar og nýstárlegar rafrænar greiðslur eru mikilvægar ef neytendur, söluaðilar og fyrirtæki eiga að njóta fulls ávinnings af innri markaðinum, sérstaklega þar sem rafræn verslun verður æ algengari á heimsvísu.
- 7) Sum aðildarríki hafa samþykkt eða eru að undirbúa löggjöf sem gildir beint eða óbeint um milligjöld og nær yfir ýmis málefni, þ.m.t. þak á milligjöld á ýmsum stigum, gjöld á söluaðila, regluna um að taka við öllum kortum og stýringarráðstafanir. Mikill munur er á gildandi stjórnvaldsákvörðunum milli sumra aðildarríkja. Til að auka samræmi milligjalda er vænst frekari innleiðingar á reglufestum ráðstöfunum á landsvísu sem miða að því að taka á umfangi þessara gjalda eða ósamræmi milli þeirra. Slíkar landsráðstafanir væru líklegar til að hafa í för með sér verulegar hindranir fyrir tilkomu innri markaðarins á sviði

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 193, 24.6.2014, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 170, 5.6.2014, bls. 78.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 10. mars 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. apríl 2015.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 frá 16. september 2009 um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2560/2001 (Stjtið. ESB L 266, 9.10.2009, bls. 11).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).

kortatengdra greiðslna og kortatengdra net- og farsímagreiðslna og myndi því hindra frelsi til að veita þjónustu.

- 8)Greiðslukort eru algengasti rafræni greiðslumiðillinn við kaup í smásölu. Þó er samþættingu greiðslukortamarkaðarins í Sambandinu hvergi nærri lokið þar sem ekki er mögulegt að þróa ýmsar greiðslulausnir út fyrir landamæri ríkja og komið er í veg fyrir að nýir þátttakendur, sem starfa alls staðar í Sambandinu, komist inn á markaðinn. Nauðsynlegt er að fjarlægja hindranir fyrir skilvirka starfsemi kortamarkaðarins, þ.m.t. á sviði kortatengdra greiðslna og kortatengdra net- og farsímagreiðslna.
- 9)Til að gera innri markaðinum kleift að starfa með skilvirkum hætti ætti að hvetja til og auðvelda notkun rafrænna greiðslna til hagsbóta fyrir söluaðila og neytendur. Nota má kort og aðrar rafrænar greiðslur með fjölbreyttari hætti, þ.m.t. möguleikar á að greiða á Netinu til að nýta sér innri markaðinn og rafræna verslun, en rafrænar greiðslur veita einnig söluaðilum greiðslur sem geta verið öruggar. Kortatengdar greiðslur í stað greiðslna í reiðufé ættu því að vera til hagsbóta fyrir söluaðila og neytendur, að því tilskildu að gjöld fyrir notkun greiðslukortakerfa séu innan efnahagslegra, skilvirkra marka, en stuðla jafnframt að sanngjarnri samkeppni, nýsköpun og markaðsaðgangi nýrra rekstraraðila.
- 10)Milligjöld eru venjulega notuð milli greiðsluþjónustuveitandans sem er færsluhirðir kortsins og greiðsluþjónustuveitandans sem gefur kortið út, sem tilheyrir tilteknu greiðslukortakerfi. Milligjöld eru stór hluti gjaldanna sem greiðsluþjónustuveitendur sem eru færsluhirðar leggja á söluaðila fyrir hverja kortatengda greiðslu. Söluaðilar fella kostnaðinn vegna kortanna, eins og allan annan kostnað, inn í almennt verð vara og þjónustu. Samkeppni milli greiðslukortakerfa til að sannfæra greiðsluþjónustuveitendur að gefa út kort þeirra veldur frekar hærri en lægri milligjöldum á markaðnum, en það er í ósamræmi við hefðbundin áhrif samkeppni í markaðshagkerfi til verðlækkunar. Til viðbótar við samræmda beitingu samkeppnisreglna á milligjöld myndi reglusetning um slík gjöld bæta starfsemi innri markaðarins og stuðla að því að lækka viðskiptakostnað neytenda.
- 11)Margvísleg gildandi milligjöld og umfang þeirra koma í veg fyrir að nýir þátttakendur, sem starfa alls staðar í Sambandinu, komi inn á markaðinn á grundvelli viðskiptalíkana sem hafa lægri eða engin milligjöld, en það er í óhag mögulegrar stærðar- og samlegðarhagkvæmni og þeirrar skilvirkni sem hún hefur í för með sér. Þetta hefur neikvæð áhrif á söluaðila og neytendur og kemur í veg fyrir nýsköpun. Þar sem þátttakendur sem starfa alls staðar í Sambandinu myndu a.m.k. þurfa að bjóða þeim bönkum sem gefa út kort hæstu milligjöld, sem fyrir eru á markaðnum sem þeir hafa áhuga á að komast inn á, leiðir þetta einnig til þess að markaðurinn verði áfram uppskiptur. Núverandi landsbundin kerfi sem hafa lægri eða engin milligjöld geta einnig neyðst til að hverfa af markaði vegna þrýstings banka um að fá hærri tekjur af milligjöldum. Því sjá söluaðilar og neytendur fram á takmarkaða valkosti, hærra verð og verri greiðsluþjónustu og möguleikar þeirra á að nýta sér greiðslulausnir sem ná um allt Sambandið eru einnig takmarkaðir. Þar að auki geta söluaðilar ekki komist hjá mismun á gjöldum með því að nota kortavíðtökuþjónustu sem bankar í öðrum aðildarríkjum bjóða. Sértekar reglur sem greiðslukortakerfin nota krefjast þess að milligjaldið leggist á „á greiðslustað“ (ríki söluaðila) við hverja greiðslu, á grundvelli landsbundinnar leyfisstefnu. Þessi krafa kemur í veg fyrir að færsluhirðar geti veitt þjónustu sína með skilvirkum hætti yfir landamæri. Hún getur einnig komið í veg fyrir að söluaðilar lækki greiðslukostnað sinn til hagsbóta fyrir neytendur.
- 12)Beiting framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyfirvalda ríkis á gildandi löggjöf hefur ekki getað tekið á þessum aðstæðum.
- 13)Til að komast hjá uppskiptingu innri markaðarins og verulegri röskun á samkeppni vegna mismunandi laga og stjórnvaldsákvæðana er því nauðsynlegt, í samræmi við 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að gera ráðstafanir til að takast á við þann vanda sem há og mismunandi milligjöld eru, til að gera greiðsluþjónustuveitendum kleift að veita þjónustu sína yfir landamæri og til að gera neytendum og söluaðilum kleift að nýta sér þjónustu yfir landamæri.
- 14)Beiting þessarar reglugerðar ætti hvorki að hafa áhrif á beitingu samkeppnisreglna Sambandsins né landsbundinna samkeppnisreglna. Hún ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði lægri hámark eða ráðstafanir sem eru jafngildar eða sem hafa sömu áhrif með landslöggjöf.
- 15)Til að stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðar fyrir kortatengdar greiðslur og kortatengdar net- og farsímagreiðslur, til hagsbóta fyrir neytendur og söluaðila, ætti þessi reglugerð að gilda um útgáfu og færsluhirðingu á kortatengdum greiðslum yfir landamæri og á landsvísu. Ef söluaðilar geta valið færsluhirði utan eigin aðildarríkis („færsluhirðing yfir landamæri“), sem verður auðveldað með því að innleiða sama hámark á innlend milligjöld og milligjöld yfir landamæri fyrir færsluhirt viðskipti og bann við landsbundinni leyfisveitingu, ætti að vera mögulegt að koma á fullnægjandi skýrleika laga og að koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli greiðslukortakerfa.
- 16)Vegna einhliða skuldbindinga og loforða sem samþykkt eru innan ramma málsmeðferðar samkeppnismála eru nú þegar margar kortatengdar greiðslur yfir landamæri í Sambandinu sem framkvæmdar eru í samræmi við hámark milligjalda. Til að veita sanngjarna samkeppni á markaðnum fyrir færsluhirðingarþjónustu ættu ákvæðin sem varða færslur yfir landamæri og innlend

viðskipti að taka gildi á sama tíma og innan hæfilegs tíma eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til þess hversu erfið og flókin tilfærsla greiðslukortakerfa, sem þessi reglugerð kveður á um, er.

- 17) Tvær megingerðir kreditkorta eru á markaðnum. Með debetkortum með greiðslufresti er heildarfjárhæð viðskipta skuldfærð af reikningi korthafa á fyrirframákveðinni dagsetningu, yfirleitt einu sinni í mánuði, án vaxta. Með öðrum kreditkortum getur korthafi notað veltílán til að endurgreiða hluta fjárhæðarinnar sem er til greiðslu á dagsetningu sem er síðar en tilgreinda dagsetningin, að viðbættum vöxtum og öðrum kostnaði.
- 18) Allar debet- og kreditkortatengdar greiðslur ættu að falla undir hámarkshlutfall milligjalda.
- 19) Áhrifamatíð sýnir að bann við milligjöldum vegna debetkortfærslna væri til hagsbóta fyrir viðtöku korta, kortanotkun og þróun innri markaðarins og skapaði meiri ávinning fyrir söluaðila og neytendur en hærra hámark. Auk þess myndi það koma í veg fyrir neikvæð áhrif vegna hærra hámarks í þeim innlendu kerfum sem hafa mjög lág eða engin milligjöld vegna debetfærslna þar sem útvíkkun yfir landamæri eða nýir markaðsaðilar hækka gjöld að hámarkinu. Bann við milligjöldum vegna debetkortafærslna myndi einnig taka á hættunni á útflutningi á milligjaldalíkaninu til nýrrar og nýstárlegrar greiðsluþjónustu s.s. farsímagreiðslu- og netgreiðslukerfa.
- 20) Háörkin í þessari reglugerð byggjast á svokölluðu „hlutleysisprófi söluaðila“ (e. *Merchant Indifference Test*), sem sett er fram í fagskrifum um efnahagsmál, sem tilgreinir það gjald sem söluaðili væri tilbúinn að greiða ef söluaðilinn myndi bera kostnaðinn við notkun viðskiptavinarins á greiðslukorti saman við kostnað vegna (reiðufjár)greiðslna án notkunar korts (með tilliti til gjaldsins fyrir þjónustu sem greitt er til færsluhirða, þ.e. þjónustugjald söluaðila og milligjald). Það örvar þannig notkun skilvirkra greiðslumiðla með því að stuðla að notkun þeirra korta sem veita meiri viðskiptaávinning en kemur á sama tíma í veg fyrir óhófleg gjöld söluaðila, sem myndu fela í sér falinn kostnað fyrir aðra neytendur. Annars gætu komið til ótilhlýðileg gjöld söluaðila vegna sameiginlegs fyrirkomulags milligjalda, þar sem söluaðilar eru tregir til að hafna kostnaðarsömum greiðslumiðlum af ótta við að missa viðskipti. Reynslan hefur sýnt að þessi gjaldastig eru hófleg þar sem þau raska ekki grundvallinum fyrir rekstri alþjóðlegra kortakerfa og greiðsluþjónustuveitenda. Þau hafa einnig í för með sér ávinning fyrir söluaðila og neytendur og veita réttarvissu.
- 21) Eins og fram kemur í áhrifamatinu hafa milligjöld þó í tilteknum aðildarríkjum þróast þannig að þau gera neytendum kleift að hafa ávinning af skilvirkum debetkortamörkuðum að því er varðar viðtöku korta og kortanotkun þar sem milligjöld eru lægri en hlutleysismörk söluaðila. Aðildarríki ættu því að geta komið á lægri milligjöldum fyrir innlendar debetkortafærslur.
- 22) Til að tryggja að gjöld vegna debetkorta séu efnahagslega skilvirk ætti, með tilliti til fyrirkomulags innlendra debetkortamarkaða, áfram að viðhalda möguleikanum á að setja fram hámark milligjalda sem fastagjald. Fastagjald getur einnig stuðlað að því að kortatengdar greiðslur séu notaðar fyrir lágar fjárhæðir („örgreiðslur“). Einnig ætti að vera mögulegt að beita slíku fastagjaldi ásamt hlutfallslegu gjaldi, að því tilskildu að samtala slíkra milligjalda sé ekki hærri en tilgreint hlutfall samtölu árlegs heildarviðskiptavirðis á landsbundnum vettvangi innan hvers greiðslukortakerfis. Auk þess ætti að vera mögulegt að skilgreina lægra hámarkshlutfall milligjalds á hverja færslu og að leggja á fasta hámarksfjárhæð gjalds til að takmarka fjárhæð gjalda vegna gildandi hlutfalls á hverja færslu.
- 23) Með tilliti til þess að þessi reglugerð samræmir í fyrsta sinn milligjöld, við aðstæður þar sem mikill munur er á gildandi debetkortakerfum og milligjöldum, er þar að auki nauðsynlegt að kveða á um sveigjanleika fyrir innlenda greiðslukortamarkaði. Að því er varðar innlendar debetkortafærslur ættu aðildarríki því, innan hæfilegs umbreytingarfrests, að geta beitt vegnu meðaltali milligjalds, sem er ekki hærra en 0,2% af árlegu meðalviðskiptavirði allra innlendra debetkortafærslna innan hvers greiðslukortakerfis, á allar innlendar debetkortafærslur innan hvers greiðslukortakerfis. Í tengslum við hámark milligjaldsins, sem reiknað er út á grundvelli árlegs meðalviðskiptavirði innan eins debetkortakerfis, er nóg að greiðsluþjónustuveitandinn taki þátt í greiðslukortakerfi (eða annars konar samkomulagi greiðsluþjónustuveitenda) þar sem vegnu meðaltali milligjalds, sem er ekki hærra en þessi 0,2%, er beitt að því er varðar allar innlendar debetkortafærslur. Hér má einnig beita fastagjaldi, hlutfalli eða samblandi þessa að því tilskildu að ekki sé farið yfir hámarkið sem sett er með vegna meðaltalínu.
- 24) Til að skilgreina viðeigandi háörk milligjalda fyrir innlendar debetkortafærslur þykir rétt að heimila lögbærum landsyfirvöldum, sem eiga að sjá til þess að farið sé að þessari reglugerð, að safna upplýsingum um magn og virði allra debetkortafærslna innan greiðslukortakerfis eða um debetkortafærslur sem tilheyra einum eða fleiri greiðsluþjónustuveitendum. Af þessum sökum ætti greiðslukortakerfum og greiðsluþjónustuveitendum að vera skylt að veita lögbærum landsyfirvöldum viðeigandi gögn sem þessi yfirvöld tilgreina og innan þeirra tímamarka sem þau setja. Kvöð um skýrslugjöf ætti að gilda um greiðsluþjónustuveitendur, s.s. útgefendur eða færsluhirða en ekki aðeins um greiðslukortakerfi, til að tryggja að allar viðeigandi upplýsingar séu gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum, sem ættu alltaf að geta krafist þess að slíkum upplýsingum sé safnað fyrir milligöngu greiðslukortakerfisins. Þar að auki er mikilvægt að viðkomandi aðildarríki tryggi fullnægjandi birtingu viðeigandi upplýsinga um gildandi háörk milligjalda. Í ljósi þess að greiðslukortakerfi eru almennt ekki greiðsluþjónustuveitendur sem falla undir

varfærnisefirlit geta lögbær yfirvöld krafist þess að upplýsingarnar sem þessar einingar senda séu staðfestar af óháðum endurskoðanda.

- 25) Sum greiðslufyrirmæli á innlendum vettvangi gera greiðandanum kleift að virkja kortatengdar greiðslur sem greiðslukortakerfið getur ekki greint sem annaðhvort debet- eða kreditkortafærslu. Hvorki greiðslukortakerfið né færsluhirðirinn þekkir þá kosti sem korthafinn velur; þar af leiðandi getur greiðslukortakerfið ekki beitt mismunandi hámarkum sem sett eru með þessari reglugerð um debet- og kreditkortafærslur, sem unnt er að greina á milli á grundvelli tímasetningarinnar sem samþykkt er um skuldfærslu greiðslna. Með tilliti til þess að nauðsynlegt er að viðhalda virkni gildandi viðskiptalíkana og komast um leið hjá óréttmætum eða óhóflegum kostnaði við að fara að lögum og, á sama tíma, að teknu tilliti til mikilvægis þess að tryggja fullnægjandi jöfn samkeppnisskilyrði milli mismunandi flokka greiðslukorta, þykir rétt að beita sömu reglu og kveðið er á um í þessari reglugerð um debetkortafærslur á slíkar innlendar greiðslur með „almennum greiðslukortum“ (e. *universal card*). Þó ætti að veita lengri aðlögunartíma fyrir þessa greiðslumiðla. Því ættu aðildarríki, í undantekningartilvikum og innan 18 mánaða umbreytingarfrests eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að geta skilgreint hámarkshlutfall innlendra greiðslna með „almennum greiðslukortum“ sem teljast jafngilda kreditkortafærslum. Til dæmis mætti beita hámarkinu sem gildir um kreditkort á skilgreindan hluta af heildarvirði færslna fyrir söluaðila eða færsluhirða. Reiknuð niðurstaða ákvarðananna myndi þá jafngilda beitingu sameiginlegs hámarks á milligjöld vegna innlendra greiðslna sem framkvæmdar eru með almennum greiðslukortum.
- 26) Þessi reglugerð ætti að ná yfir allar færslur þar sem greiðsluþjónustuveitandi greiðandans og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru staðsettir í Sambandinu.
- 27) Í samræmi við meginregluna um tæknilegt hlutleysi, sem sett er fram í „Stafrænu áætluninni fyrir Evrópu“, ætti þessi reglugerð að gilda um kortatengdar greiðslur, án tillits til þess í hvaða umhverfi færslan er gerð, þ.m.t. fyrir milligöngu smásölugreiðslumiðla og -þjónustu sem getur verið utan nets, á Netinu eða með farsímagreiðslu.
- 28) Kortatengdar greiðslur eru yfirleitt framkvæmdar á grundvelli tveggja meginviðskiptalíkana, hins svokallaða „þriggja aðila greiðslukortakerfis“ (korthafi — færsluhirða- og útgáfukerfi — söluaðili) og „fjögurra aðila greiðslukortakerfis“ (korthafi — útgáfubanki — færsluhirðir — söluaðili). Mörg fjögurra aðila greiðslukortakerfi nota skýrt milligjald, sem er að mestu marghliða. Til að viðurkenna tilvist óbeinna milligjalda og stuðla að myndun jafnra samkeppnisskilyrða ætti að líta á þriggja aðila greiðslukortakerfi, sem nota greiðsluþjónustuveitendur sem útgefendur eða færsluhirða, sem fjögurra aðila greiðslukortakerfi og þau ættu að fylgja sömu reglum, en gagnsæi og aðrar ráðstafanir sem tengjast viðskiptareglum ættu að gilda um alla veitendur. Með tilliti til sérstakra eiginleika slíkra þriggja aðila kerfa þykir þó rétt að veita aðildarríkjunum umbreytingarfrest þar sem þau geta ákveðið að beita ekki reglunum um hámark milligjalds ef slík kerfi hafa mjög takmarkaða markaðshlutdeild í hlutaðeigandi aðildarríki.
- 29) Útgáfupjónustan er á grundvelli samningssambands útgefanda greiðslumiðilsins og greiðandans, án tillits til þess hvort útgefandinn varðveitir fjármuni hönd greiðandans. Útgefandinn gerir greiðslukort aðgengileg greiðandanum, heimilar færslur um posa eða jafngildi þeirra og getur ábyrgst greiðslur til færsluhirðis vegna færslna sem eru í samræmi við reglur viðkomandi kerfis. Þar af leiðandi telst það að dreifa einfaldlega greiðslukortum eða að veita einfaldlega tækniþjónustu, s.s. aðeins að vinna eða vista gögn, ekki vera útgáfa.
- 30) Þjónusta færsluhirðis er röð aðgerða frá því að kortatengd greiðsla er virkjuð að yfirfærslu fjármuna á greiðslureikning viðtakanda greiðslu. Þjónusta færsluhirðis er skipulögð með mismunandi hætti eftir því um hvaða aðildarríki og viðskiptalíkan er að ræða. Því gerir greiðsluþjónustuveitandinn, sem greiðir milligjaldið, ekki í öllum tilvikum samning beint við viðtakanda greiðslu. Milliliðir, sem veita hluta af þjónustu færsluhirðis en eru ekki í beinu samningssambandi við viðtakendur greiðslna, ættu þó að falla undir skilgreininguna á færsluhirði samkvæmt þessari reglugerð. Þjónusta færsluhirðis er veitt án tillits til þess hvort færsluhirðir varðveitir fjármuni fyrir hönd viðtakanda greiðslu. Tækniþjónusta, t.d. einfaldlega að vinna og vista gögn eða starfræksla posa, er ekki færsluhirðing.
- 31) Mikilvægt er að sjá til þess að ákvæðin um milligjöld, sem greiðsluþjónustuveitendur eiga að greiða eða veita viðtöku, séu ekki sniðgengin með öðru streymi gjalda til útgefanda. Til að komast hjá þessu ætti að líta á „hreint endurgjald“ í formi gjalda, þ.m.t. möguleg leyfisgjöld, sem útgefandinn greiðir til eða tekur við frá greiðslukortakerfi, færsluhirði eða öðrum millilið, sem milligjald. Við útreikning á milligjaldinu í þeim tilgangi að athuga hvort sniðganga sé fyrir hendi ætti að taka tillit til heildarfjárhæðar greiðslna eða hvata til útgefanda frá greiðslukortakerfi að því er varðar færslur sem reglur hafa verið settar um að frádregnum gjöldunum sem útgefandinn greiðir greiðslukortakerfinu. Greiðslur, hvatar og gjöld sem koma til álita gætu verið bein (þ.e. á grundvelli magns eða tiltekinna færslna) eða óbein (þ.m.t. markaðshvatar, kaupaukar og afsláttur vegna tiltekins færslumagns). Þegar athugað er hvort farið er á svig við ákvæði þessarar reglugerðar ætti einkum að taka tillit til hagnaðar útgefanda af sérstökum áætlunum sem framkvæmdar eru sameiginlega af útgefendum og greiðslukortakerfum og tekna af vinnslu, leyfisveitingu og annarra gjalda sem skila tekjum til greiðslukortakerfa. Eins og við á, og ef það stutt fleiri hlutlægum þáttum, mætti einnig taka tillit til útgáfu greiðslukorta í þriðju löndum við mat á því hvort hugsanlega sé verið að

sniðganga þessa reglugerð.

- 32) Algengt er að neytendur séu sér ekki meðvitaðir um gjöldin sem söluaðilar greiða vegna greiðslumiðilsins sem þeir nota. Á sama tíma geta ýmsir hvatar sem útgefendur beita (t.d. ferðaávísanir, kaupaukar, afslættir, endurgreiðslur, ókeypis tryggingar o.s.frv.) stýrt neytendum í átt að notkun greiðslumiðla og þar með valdið háum gjöldum fyrir útgefendur. Til mótvægis við þetta ættu ráðstafanirnar sem setja takmarkanir á milligjöld aðeins að gilda um greiðslukort sem eru orðin fjöldaframleiddar vörur og söluaðilar eiga erfitt með að hafna sökum útbreiddrar útgáfu þeirra og notkunar (þ.e. debet- og kreditkort neytenda). Til að stuðla að skilvirkri starfsemi þess hluta markaðarins sem reglur hafa ekki verið settar um og til að takmarka yfirfærslu viðskipta frá þeim hluta markaðarins sem reglur hafa verið settar um yfir til þess hluta sem ekki hafa verið settar reglur um er nauðsynlegt að samþykkja ýmsar ráðstafanir, þ.m.t. aðgreiningu kerfis og innviða, stýringu viðtakanda greiðslu á greiðanda og valkvæða viðtöku viðtakanda greiðslu á greiðslumiðlum.
- 33) Aðgreining kerfis og innviða ætti að gera öllum vinnsluaðilum kleift að keppa um viðskiptavini kerfanna. Þar sem kostnaður við vinnslu er verulegur hluti af heildarkostnaði við viðtöku korta er mikilvægt að greiða fyrir virkri samkeppni í þessum hluta verðmætakeðjunnar. Kortakerfi og vinnslueiningar ættu, á grundvelli aðgreiningar á kerfi og innviðum, að vera óháðir að því er varðar reikningshald, skipulag og ákvarðanatökufærli. Þessir aðilar ættu hvorki að mismuna, t.d. með því að veita hver öðrum fríðindameðferð eða veita trúnaðarupplýsingar sem samkeppnisaðilar þeirra hafa ekki aðgang að á markaðssviði hvers þeirra um sig, leggja óhóflegar kröfur um upplýsingar á samkeppnisaðila sína á markaðssviði hvers þeirra um sig, víxlniðurgreiða viðkomandi starfsemi þeirra, né deila fyrirkomulagi stjórnunarháttá. Slík mismunun stuðlar að uppskiptingu markaðar, hefur neikvæð áhrif á markaðsaðgang nýrra þátttakenda og kemur í veg fyrir að þátttakendur sem starfa um allt Sambandið komi fram og kemur þar með í veg fyrir tilkomu innri markaðarins á sviði kortatengdra greiðslna og kortatengdra net- og farsímagreiðslna, á kostnað söluaðila, fyrirtækja og neytenda.
- 34) Reglur um kerfi sem greiðslukortakerfi nota og venjur greiðsluþjónustuveitenda gera söluaðilum og neytendum yfirleitt ekki kleift að greina muninn á gjöldum og draga úr gagnsæi á markaði, t.d. með því að „blanda“ gjöldum eða banna söluaðilum að velja ódýrara kortavörumerkið á samstarfskortum (e. *co-badged cards*) eða banna þeim að stýra neytendum í átt að notkun ódýrari korta. Jafnvel þótt söluaðilar viti af mismunandi kostnaði koma reglurnar um kerfi oft í veg fyrir að þeir grípi til ráðstafana til að lækka gjöldin.
- 35) Greiðslumiðlar hafa í för með sér mismunandi kostnað fyrir viðtakanda greiðslu þar sem tilteknir miðlar eru dýrari en aðrir. Viðtakanda greiðslu ætti að vera frjálst, í samræmi við tilskipun 2007/64/EB, að stýra greiðendum í átt að notkun tiltekinn greiðslumiðils, nema þegar nota skal tiltekinn greiðslumiðil samkvæmt lögum vegna tiltekinn flokka greiðslna eða ekki er mögulegt að hafna honum vegna stöðu hans sem löglegur gjaldmiðill. Kortakerfi og greiðsluþjónustuveitendur setja hvað þetta varðar ýmsar takmarkanir á viðtakendur greiðslna, t.d. takmarkanir á höfnun viðtakanda greiðslu á tilteknum greiðslumiðlum vegna greiðslu lágra fjárhæða, á veitingu upplýsinga til greiðandans um gjöldin sem falla á viðtakanda greiðslunnar vegna tiltekinn greiðslumiðla eða takmarkanir á þeim fjölda afgreiðslukassa í verslun viðtakanda greiðslu sem taka við tilteknum greiðslumiðlum. Þessar takmarkanir ætti að fella niður.
- 36) Við aðstæður þar sem viðtakandi greiðslu stýrir greiðandanum að notkun tiltekinn greiðslumiðils ætti viðtakandi greiðslu ekki að krefjast gjalda frá greiðandanum vegna notkunar greiðslumiðilsins þegar milligjöldin falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, þar sem ávinningurinn af aukagjaldi við slíkar aðstæður er takmarkaður auk þess sem það eykur flækjustig á markaðnum.
- 37) Reglan um að taka við öllum kortum er tvöföld skuldbinding sem útgefendur og greiðslukortakerfi leggja á viðtakendur greiðslna um að taka við öllum kortum sama vörumerkis, án tillits til mismunandi kostnaðar við þessi kort („skyldan til að virða allar afurðir“) og án tillits til einstakra útgáfubanka sem hafa gefið kortið út („skyldan til að virða alla útgefendur“). Það eru hagsmunir neytandans að viðtakendur greiðslna geti ekki, að því er varðar sama flokk korta, mismunað útgefendum eða korthöfum og að kortakerfi og greiðsluþjónustuveitendur geti lagt slíka skyldu á þá. Því er sú skylda að virða alla útgefendur sem felst í reglunni um að taka við öllum kortum réttlæt看leg regla innan kortakerfis þar sem hún kemur í veg fyrir að viðtakendur greiðslna mismuni einstökum bönkum sem hafa gefið út kort. Sú skylda að virða allar afurðir er í raun aðferð til að tvinna saman viðtöku á kortum sem bera lág gjöld við viðtöku á kortum sem bera há gjöld. Ef sú skylda að virða allar afurðir er afnumin úr reglunni um að taka við öllum kortum myndi það gera söluaðilum kleift að takmarka það úrval greiðslukorta sem þeir bjóða við þau kort sem bera lægri gjöld, en það væri einnig til hagsbóta fyrir neytendur vegna lægri kostnaðar söluaðila. Söluaðilar sem taka við debetkortum væru þá ekki neyddir til að taka við kreditkortum og þeir sem taka við kreditkortum væru ekki neyddir til að taka við viðskiptakortum. Til að vernda neytandann og möguleika neytandans á að nota greiðslukort eins oft og mögulegt er ætti þó aðeins að skylda söluaðila til að taka við kortum sem bera sömu milligjöld, sem reglur hafa verið settar um, ef þau eru gefin út undir sama vörumerki og í sama flokki (fyrirframgreidd kort, debetkort eða kreditkort). Slík takmörkun myndi einnig leiða til aukinnar samkeppni milli korta sem bera milligjöld sem ekki hafa verið settar reglur um samkvæmt þessari reglugerð þar sem söluaðilar myndu fá betri samningsstöðu að því er varðar með hvaða skilyrðum þeir taka við slíkum

kortum. Þessar takmarkanir ættu að vera takmarkaðar og aðeins teljast viðteknar í þeim tilgangi að auka vernd neytenda, til að veita neytendum fullnægjandi vissu um að söluaðilar taki við greiðslukortum þeirra.

- 38) Tryggja ætti skýr skil greiðsluþjónustuveitenda á milli neytenda- og viðskiptakorta, bæði tæknilega og viðskiptalega. Því er mikilvægt að skilgreina viðskiptakort sem greiðslumiðil sem aðeins er notaður vegna viðskiptakostnaðar sem færður er beint á reikning fyrirtækisins, opinbera aðilans eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings.
- 39) Viðtakendur greiðslna og greiðendur ættu að hafa tök á að greina mismunandi flokka korta. Því ætti að vera mögulegt að greina hin ýmsu vörumerki og flokka með rafrænum hætti og nýútgefna kortatengda greiðslumiðla ætti að vera mögulegt að greina sjónrænt á tækinu. Þar að auki ætti greiðandinn að fá upplýsingar um hvort tekið sé við greiðslumiðli eða greiðslumiðlum greiðandans á tilteknum greiðslustað. Nauðsynlegt er að viðtakandi greiðslu tilkynni greiðanda um allar takmarkanir á notkun tiltekens vörumerkis á sama tíma og við sömu skilyrði og tilkynnt er um að tekið sé við tilteknu vörumerki.
- 40) Til að tryggja skilvirka samkeppni milli vörumerkja er mikilvægt að val á greiðsluhugbúnaði sé í höndum notenda en ekki aðliggjandi markaðar, sem samanstendur af greiðslukortakerfum, greiðsluþjónustuveitendum eða vinnsluaðilum. Slíkt fyrirkomulag ætti ekki að koma í veg fyrir að greiðendur og viðtakendur greiðslna ákvarði sjálfgefið val á búnaði, ef það er tæknilega mögulegt, að því tilskildu að unnt sé að breyta valinu fyrir hverja færslu.
- 41) Til að tryggja að úrlausn sé möguleg þegar þessari reglugerð hefur verið beitt með röngum hætti, eða ef ágreiningur rís á milli notenda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitenda, ættu aðildarríki að koma á fullnægjandi og árangursríku úrræði kæru- og úrlausnarmeðferðar utan réttar eða gera jafngildar ráðstafanir. Aðildarríki ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög sem gilda um brot á þessari reglugerð og ættu að tryggja að þessi viðurlög séu skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi og að þeim sé beitt.
- 42) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja fram skýrslu um hin ýmsu áhrif þessarar reglugerðar á starfsemi markaðarins. Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin hafi möguleika á að safna þeim upplýsingum sem þarf til að gera þessa skýrslu og að lögbærur yfirvöldin hafi náð samstarf við framkvæmdastjórnina um söfnun gagna.
- 43) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um samræmdar kröfur vegna kortatengdra greiðslna og kortatengdra net- og farsímagreiðslna, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 44) Reglugerð þessi uppfyllir grundvallarréttindi og meginreglur, einkum þær sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns eða til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, frelsi til atvinnurekstrar og neytendaverndar og er skylt að beita henni í samræmi við þessi réttindi og meginreglur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar tækni- og viðskiptakröfur vegna kortatengdra greiðslna innan Sambandsins enda séu bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu staðsettir innan þess.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um þjónustu á grundvelli tiltekinna greiðslumiðla sem aðeins er unnt að nota með takmörkuðum hætti, sem uppfylla eitt eftirfarandi skilyrði:
 - a) miðlar sem gera handhafanum aðeins kleift að kaupa vörur eða þjónustu á athafnasvæði útgefandans eða innan takmarkaðs nets þjónustuveitenda samkvæmt beinum viðskiptasamningi við faglegan útgefanda,
 - b) miðlar sem aðeins er mögulegt að nota til að kaupa vöru eða þjónustu sem mjög takmarkað úrval er af,
 - c) miðlar sem aðeins eru gjaldgengir í einu aðildarríki, sem lagðir eru fram að ósk fyrirtækis eða opinbers aðila og falla undir reglur landsbundins eða svæðisbundins opinbers yfirvalds í tilteknum félagslegum eða skattalegum tilgangi í því skyni að kaupa tilteknar vörur eða þjónustu af birgjum sem hafa gert viðskiptasamning við útgefandann.

3. II. kafli gildir ekki um eftirfarandi:

- a) færslur með viðskiptakortum,
- b) úttektir reiðufjár úr hraðbönkum eða hjá afgreiðslu greiðsluþjónustuveitanda og
- c) færslur með greiðslukortum sem útgefin eru af þriggja aðila greiðslukortakerfum.

4. Ákvæði 7. gr. gilda ekki um þriggja aðila greiðslukortakerfi.

5. Ef þriggja aðila greiðslukortakerfi veitir öðrum greiðsluþjónustuveitendum leyfi til að gefa út kortatengda greiðslumiðla eða til að færsluhirða kortatengdar greiðslur, eða hvort tveggja, eða gefur út kortatengda greiðslumiðla ásamt samstarfsaðila um sameiginlega vörumerkjastjórnun eða fyrir milligöngu umboðsaðila, telst það vera fjögurra aðila greiðslukortakerfi. Í tengslum við innlendar greiðslur má þó, fram til 9. desember 2018, undanskilja slíkt þriggja aðila greiðslukortakerfi frá skuldbindingunum í II. kafla, að því tilskildu að kortatengdu greiðslurnar sem gerðar eru í aðildarríki í slíku þriggja aðila greiðslukortakerfi séu ekki á ársgrundvelli umfram 3% af virði allra kortatengdra greiðslna í viðkomandi aðildarríki.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1),„færsluhirðir“: greiðsluþjónustuveitandi sem gerir samning við viðtakanda greiðslu um að taka við og vinna úr kortatengdum greiðslum, sem hefur í för með sér yfirfærslu fjármuna til viðtakanda greiðslu,
- 2),„útgefandi“: greiðsluþjónustuveitandi sem gerir samning um að veita greiðanda greiðslumiðil til að virkja og vinna úr kortatengdum greiðslum greiðandans,
- 3),„neytandi“: einstaklingur sem í samningum um greiðsluþjónustu, sem þessi reglugerð tekur til, kemur fram í öðrum tilgangi en vegna atvinnugreinar, viðskipta eða starfs þess aðila,
- 4),„debetkortafærsla“: kortatengd greiðsla, þ.m.t. þær sem framkvæmdar eru með fyrirframgreiddum kortum, sem ekki er kreditkortafærsla,
- 5),„kreditkortafærsla“: kortatengd greiðsla þar sem fjárhæð færslunnar er skuldfærð að fullu eða að hluta á tilgreindri fyrirframákveðinni dagsetningu almanaksmánaðar til greiðanda, í samræmi við fyrirframákveðna lánsheimild, með eða án vaxta,
- 6),„viðskiptakort“: kortatengdur greiðslumiðill sem gefinn er út til fyrirtækja, opinberra aðila eða sjálfstætt starfandi einstaklinga sem aðeins má nota vegna viðskiptakostnaðar ef greiðslurnar með slíku korti eru skuldfærðar beint á reikning fyrirtækisins, opinbera aðilans eða sjálfstætt starfandi einstaklingsins,
- 7),„kortatengd greiðsla“: þjónusta á grundvelli innviða greiðslukortakerfis og viðskiptareglna um að framkvæma greiðslu með hvers konar korti, fjarskiptum, stafrænum hætti eða upplýsingatæknibúnaði eða hugbúnaði ef það leiðir af sér debet- eða kreditkortafærslu. Kortatengdar greiðslur eru ekki færslur sem framkvæmdar eru með annars konar greiðsluþjónustu,
- 8),„greiðsla yfir landamæri“: kortatengd greiðsla þar sem útgefandinn og færsluhirðirinn eru hvor í sínu aðildarríkinu, eða ef kortatengdi greiðslumiðillinn er gefinn út af útgefanda sem er í öðru aðildarríki en greiðslustaðurinn,
- 9),„innlend greiðsla“: kortatengd greiðsla sem er ekki greiðsla yfir landamæri,
- 10),„milligjald“: gjald sem greitt er fyrir hverja færslu beint eða óbeint (þ.e. fyrir milligöngu þriðja aðila) milli útgefanda og færsluhirðis sem eru þátttakendur í kortatengdri greiðslu. Hreint endurgjald eða önnur þóknun sem samið hefur verið um telst vera hluti af milligjaldinu.
- 11),„hreint endurgjald“: hrein heildarfjárhæð greiðslna, afslátta eða hvata sem útgefandi fær frá greiðslukortakerfinu, færsluhirðinum eða öðrum millilið í tengslum við kortatengdar greiðslur eða tengda starfsemi,
- 12),„þjónustugjald söluaðila“: gjald sem viðtakandi greiðslu greiðir færsluhirðinum í tengslum við kortatengdar greiðslur,
- 13),„viðtakandi greiðsla“: einstaklingur eða lögaðili sem er fyrirhugaður viðtakandi fjármuna sem hafa verið viðfang greiðslu,
- 14),„greiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og heimilar greiðslufyrirmæli af þeim greiðslureikningi eða, þegar engum greiðslureikningi er fyrir að fara, einstaklingur eða lögaðili sem gefur greiðslufyrirmæli,

- 15), „greiðslukort“: flokkur greiðslumiðils sem gerir greiðandanum kleift að virkja debet- eða kreditkortafærslu,
- 16), „greiðslukortakerfi“: sameiginlegar reglur, aðferðir, staðlar og/eða viðmiðunarreglur um framkvæmd kortatengdra greiðslna, sem er aðgreint frá innviðum eða greiðslukerfi sem er grundvöllur starfsemi kerfisins, og tekur til allra tiltekinna aðila sem fara með ákvarðanatöku, stofnana eða eininga sem bera ábyrgð á starfrækslu kerfisins,
- 17), „fjögurra aðila greiðslukortakerfi“: greiðslukortakerfi þar sem kortatengdar greiðslur fara af greiðslureikningi greiðanda til greiðslureiknings viðtakanda greiðslu fyrir milligöngu kerfisins, útgefanda (á hlið greiðandans) og færsluhirðis (á hlið viðtakanda greiðslu),
- 18), „þriggja aðila greiðslukortakerfi“: greiðslukortakerfi þar sem kerfið sjálft veitir færsluhirðis- og útgáfuþjónustu og kortatengdar greiðslur fara af greiðslureikningi greiðanda á greiðslureikning viðtakanda greiðslu innan kerfisins. Ef þriggja aðila kortakerfi veitir öðrum greiðsluþjónustuveitendum leyfi til að gefa út kortatengda greiðslumiðla eða til að færsluhirða kortatengdar greiðslur, eða hvort tveggja, eða gefur út kortatengda greiðslumiðla ásamt samstarfsaðila um sameiginlega vörumerkjastjórnun eða fyrir milligöngu umboðsaðila, telst það vera fjögurra aðila greiðslukortakerfi,
- 19), „greiðslumiðill“: hvers konar persónubundinn búnaður og/eða aðferðir sem notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi koma sér saman um og notaður er til að gefa greiðslufyrirmæli,
- 20), „kortatengdur greiðslumiðill“: greiðslumiðill, þ.m.t. kort, farsími, tölva eða annar tæknibúnaður sem inniheldur viðeigandi greiðsluhugbúnað sem gerir greiðandanum kleift að virkja kortatengda greiðslu sem er ekki millifærsla fjármuna eða beingreiðsla eins og það er skilgreint í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 260/2012,
- 21), „greiðsluhugbúnaður“: hugbúnaður eða samsvarandi búnaður sem hlaðið er inn á tæki sem gerir kleift að virkja kortatengda greiðslu og gerir greiðandanum kleift að gefa greiðslufyrirmæli,
- 22), „greiðslureikningur“: reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem er notaður við framkvæmd greiðslu, þ.m.t. þegar um er að ræða sérstakan reikning fyrir rafeyri eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB⁽⁸⁾,
- 23), „greiðslufyrirmæli“: hvers konar fyrirmæli greiðanda til greiðsluþjónustuveitanda síns um framkvæmd greiðslu,
- 24), „greiðsluþjónustuveitandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur leyfi til að veita greiðsluþjónustuna sem skráð er í viðaukann við tilskipun 2007/64/EB eða er viðurkenndur sem útgefandi rafeyris í samræmi við 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/110/EB. Greiðsluþjónustuveitandi getur verið útgefandi eða færsluhirðir eða hvort tveggja,
- 25), „notandi greiðsluþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér greiðsluþjónustu, annaðhvort sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu, eða hvort tveggja,
- 26), „greiðsla“: aðgerð sem greiðandi eða annar fyrir hans hönd eða viðtakandi greiðslu á frumkvæði að sem felst í því að yfirfæra fjármuni, án tillits til undirliggjandi skuldbindinga milli greiðanda og viðtakanda greiðslu,
- 27), „vinnsla“: framkvæmd þjónustu við vinnslu á greiðslum með tilliti til aðgerðanna sem krafist er við meðhöndlun greiðslufyrirmæla milli færsluhirðis og útgefanda,
- 28), „vinnslueining“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir þjónustu á sviði vinnslu á greiðslum,
- 29), „greiðslustaður“: heimilisfang efnislegs athafnasvæðis söluaðila þar sem greiðsla er virkjuð. Þó gildir eftirfarandi:
- a) ef um er að ræða fjarsölu eða fjarsölusamninga (þ.e. netverslun) eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. tilskipunar 2011/83/ESB skal greiðslustaðurinn vera heimilisfang fastrar starfsstöðvar þar sem söluaðilinn stundar starfsemi án tillits til staðsetningar vefsetursins eða netþjónsins sem greiðslan er virkjuð,
 - b) ef söluaðilinn hefur ekki fasta starfsstöð skal greiðslustaðurinn vera heimilisfangið þar sem söluaðilinn hefur gilt starfsleyfi þar sem greiðslan er virkjuð,
 - c) ef söluaðilinn hefur hvorki fasta starfsstöð né gilt starfsleyfi til viðskipta skal greiðslustaðurinn vera pósthafið vegna skattgreiðslna hans í tengslum við sölustarfsemi hans þar sem greiðslan er virkjuð,
- 30), „greiðsluvörumerki“: hvers konar efnislegt eða rafrænt nafn, hugtak, merki, tákn eða samsetning þeirra, sem getur tilgreint innan hvaða greiðslukortakerfis kortatengdar greiðslur eru framkvæmdar,

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjórið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).

- 31), „kortasamstarf (e. *co-badging*)“: þegar tvö eða fleiri greiðsluvörumerki eða greiðsluhugbúnaður sama vörumerkis eru á sama kortatengda greiðslumiðlinum,
- 32), „sameiginleg vörumerkjastjórnun (e. *co-branding*)“: þegar a.m.k. eitt greiðsluvörumerki og a.m.k. eitt vörumerki sem ekki er greiðsluvörumerki eru á sama kortatengda greiðslumiðli,
- 33), „debetkort“: flokkur greiðslumiðils sem gerir greiðanda kleift að virkja debetkortafærslu, að undanskildum færslum með fyrirframgreiddum kortum,
- 34), „kreditkort“: flokkur greiðslumiðils sem gerir greiðanda kleift að virkja kreditkortafærslu,
- 35), „fyrirframgreitt kort“: flokkur greiðslumiðils þar sem rafeyrir, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB, er geymdur.

II. KAFLI

MILLIGJÖLD

3. gr.

Milligjöld fyrir debetkortafærslur neytenda

- Greiðsluþjónustuveitendur skulu hvorki bjóða né krefjast milligjalds á hverja færslu sem er hærra en 0,2% af virði færslunnar fyrir neina debetkortafærslu.
- Að því er varðar innlendar debetkortafærslur geta aðildarríki annaðhvort:
 - skilgreint hámarksprósentuhlutfall milligjalds á hverja færslu, sem er lægra en það sem kveðið er á um í 1. mgr., og ákvarðað fast hámarksgjald sem er hámarksfjárhæð gjaldsins sem leiðir af gildandi prósentuhlutfalli, eða
 - heimilað greiðsluþjónustuveitendum að leggja milligjald á hverja færslu sem er ekki hærra en 0,05 evrur eða, í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil, samsvarandi virði í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 8. júní 2015, sem skal endurskoðað á fimm ára fresti eða hvenær sem veruleg breyting verður á gengi gjaldmiðla. Þetta milligjald á hverja færslu má einnig sameina hámarkshlutfalli, sem er ekki hærra en 0,2%, ávallt að því tilskildu að samtala milligjalda greiðslukortakerfisins sé ekki hærri en 0,2% af heildarviðskiptavirði innlendra debetkortafærslna á ári innan hvers greiðslukortakerfis.
- Að því er varðar innlendar debetkortafærslur geta aðildarríki, til 9. desember 2020, heimilað greiðsluþjónustuveitendum að beita vagnu meðaltali milligjalds, sem er ekki hærra en jafngildi 0,2% af árlegu meðalviðskiptavirði allra innlendra debetkortafærslna innan hvers greiðslukortakerfis. Aðildarríki geta skilgreint lægra vegið meðaltal sem hámarksmilligjald er gildi um allar innlendar debetkortafærslur.
- Árlegt viðskiptavirði, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal reiknað út árlega, frá 1. janúar til 31. desember, og skal beitt frá 1. apríl eftirfarandi árs. Viðmiðunartímabilið fyrir fyrsta útreikninginn á slíku virði skal hefjast 15 almanaksmánuðum fyrir gildistöku dag 2. og 3. mgr. og skal ljúka þremur almanaksmánuðum fyrir þann dag.
- Lögbær yfirvöld, sem um getur í 13. gr., skulu krefjast þess að greiðslukortakerfi og/eða greiðsluþjónustuveitendur veiti, að fenginni skriflegri beiðni yfirvaldanna, allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna rétta beitingu á 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Slíkar upplýsingar skulu sendar lögbærum yfirvöldum fyrir 1. mars árið eftir viðmiðunartímabilið sem um getur í fyrsta málslið 4. mgr. Allar aðrar upplýsingar sem gera lögbærum yfirvöldum kleift að sannreyna að farið sé að ákvæðunum í þessum kafla skulu sendar þeim að fenginni skriflegri beiðni þeirra og innan þess frests sem þau setja. Lögbær yfirvöld geta krafist þess að slíkar upplýsingar sé staðfestar af óháðum endurskoðanda.

4. gr.

Milligjöld fyrir kreditkortafærslur neytenda

Greiðsluþjónustuveitendur skulu hvorki bjóða né krefjast milligjalds á hverja færslu sem er hærra en 0,3% af virði færslunnar fyrir neina kreditkortagreiðslu. Aðildarríki geta skilgreint lægra hámark á milligjald á hverja innlenda kreditkortafærslu.

5. gr.

Bann við sniðgöngu

Í þeim tilgangi að beita hámerkunum sem um getur í 3. og 4. gr. skal meðhöndla hvers konar þóknarir sem samið hefur verið um,

þ.m.t. hreint endurgjald, sem hafa jafngild markmið eða áhrif og milligjaldið, sem útgefandinn fær frá greiðslukortakerfinu, færsluhirði eða öðrum millilið í tengslum við greiðslur eða tengda starfsemi, sem hluta af milligjaldinu.

III. KAFLI

VIÐSKIPTAREGLUR

6. gr.

Leyfisveiting

1. Allar svæðisbundnar takmarkanir innan Sambandsins eða reglur sem hafa samsvarandi áhrif í nytjaleyfissamningum eða í reglum um greiðslukortakerfi um útgáfu greiðslukorta eða færsluhirðingu kortatengdra greiðslna eru bannaðar.
2. Allar kröfur eða skyldur til að aflað sé landsbundins leyfis eða starfsleyfis til að starfa yfir landamæri og reglur sem hafa samsvarandi áhrif í nytjaleyfissamningum eða í reglum um greiðslukortakerfi um útgáfu greiðslukorta eða færsluhirðingu kortatengdra greiðslna eru bannaðar.

7. gr.

Aðgreining greiðslukortakerfa og vinnslueininga

1. Greiðslukortakerfi og vinnslueiningar:
 - a) skulu vera óháðar með tilliti til reikningshalds, skipulags og ákvarðanatökufærlis,
 - b) skulu ekki tilgreina verð fyrir greiðslukortakerfi og vinnslustarfsemi í einum pakka og skulu ekki víxlniðurgreiða slíka starfsemi,
 - c) skulu ekki mismuna með neinum hætti dótturfélögum sínum eða hluthöfum annars vegar og notendum greiðslukortakerfa og annarra samningsaðila hins vegar og skulu einkum ekki skilyrða neina þjónustuveitingu sína því að samningsaðilar þeirra samþykki aðra þjónustu sem þeir veita.
2. Lögbert yfirvald í aðildarríkinu þar sem skráð skrifstofa kerfisins er staðsett getur krafist þess að greiðslukortakerfi leggi fram óháða skýrslu sem staðfestir að það uppfylli skilyrði 1. mgr.
3. Greiðslukortakerfi skulu gera ráð fyrir þeim möguleika að heimildarleit- og færsluvísunarskilaboð einstakra kortatengdra greiðslna séu aðgreind og unnin af mismunandi vinnslueiningum.
4. Öll svæðisbundin mismunin í reglum um vinnslu sem greiðslukortakerfi starfrækja er bönnuð.
5. Vinnslueiningar innan Sambandsins skulu tryggja að kerfi þeirra séu tæknilega samhæfð öðrum kerfum vinnslueininga innan Sambandsins með notkun staðla sem alþjóðlegar eða evrópskar staðlastofnanir hafa þróað. Þar að auki skulu greiðslukortakerfi hvorki samþykkja né beita viðskiptareglum sem takmarka samhæfni milli vinnslueininga innan Sambandsins.
6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur, að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd, eins og um getur í 41. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁹⁾, samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem kemur á kröfunum sem greiðslukortakerfi og vinnslueiningar skulu uppfylla til að tryggja beitingu a-liðar 1. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 9. desember 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. gr.

Kortasamstarf og val á greiðsluvörumerki eða greiðsluhugbúnaði

1. Reglur um greiðslukortakerfi og reglur í nytjaleyfissamningum eða jafngildar ráðstafanir sem hindra eða koma í veg fyrir að útgefandi hafi tvö eða fleiri mismunandi greiðsluvörumerki eða mismunandi tegundir greiðsluhugbúnaðar á kortatengdum greiðslumiðli eru bannaðar.

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

- Þegar gerður er samningur við greiðsluþjónustuveitanda getur neytandinn krafist þess að fá tvö eða fleiri mismunandi greiðsluvörumerki á kortatengdan greiðslumiðil að því tilskildu að viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi bjóði slíka þjónustu. Með góðum fyrirvara áður en samningurinn er undirritaður skal greiðsluþjónustuveitandi veita neytanda skýrar og hlutlægar upplýsingar um öll þau greiðsluvörumerki sem eru í boði og eiginleika þeirra, þ.m.t. virkni þeirra, kostnað og öryggi.
- Allur munur á meðhöndlun á útgefendum og færsluhirðum í kerfisreglum og reglum í nytjaleyfissamningum um kortasamstarf mismunandi greiðsluvörumerkja eða greiðsluhugbúnaðar á kortatengdum greiðslumiðli skal rökstuddur á hlutlægan hátt og vera án mismununar.
- Greiðslukortakerfi skulu ekki leggja skýrslugjafarkröfur, skyldur til að greiða gjöld eða samsvarandi skyldur með sama markmið eða áhrif á greiðsluþjónustuveitendur, sem eru kortaútgefendur eða færsluhirðar, vegna færslna sem framkvæmdar eru með búnaði með greiðsluvörumerki þeirra í tengslum við færslur sem ekki fara um kerfi þeirra.
- Allar meginreglur um beiningu eða jafngildar ráðstafanir sem miða að því að beina færslum um tiltekna boðleið eða ferli og aðrir tækni- og öryggisstaðlar og kröfur að því er varðar meðhöndlun tveggja eða fleiri mismunandi greiðsluvörumerkja og mismunandi greiðsluhugbúnaðar á kortatengdum greiðslumiðlum skulu vera án mismununar og skal beitt á jafnréttisgrundvelli.
- Greiðslukortakerfi, útgefendur, færsluhirðar, vinnslueiningar og aðrir tækniþjónustuveitendur skulu ekki koma fyrir sjálfvirkum vélbúnaði, hugbúnaði eða tæki á greiðslumiðilinn eða á búnaðinn sem notaður er á greiðslustað sem takmarkar val greiðandans eða viðtakanda greiðslu á greiðsluvörumerki eða greiðsluhugbúnaði, eða hvort tveggja, þegar notast er við greiðslumiðil sem felur í sér kortasamstarf.

Viðtakendur greiðslna skulu halda þeim möguleika opnum að setja upp sjálfvirkan vélbúnað í búnaðinn sem notaður er á greiðslustað, sem forgangsvelur tiltekið greiðsluvörumerki eða tiltekinn greiðsluhugbúnað, en viðtakendur greiðslna skulu ekki koma í veg fyrir að greiðandinn fari framhjá slíku sjálfvirku forgangsvali viðtakanda greiðslu í búnaði hans fyrir þá flokka korta eða tengdra greiðslumiðla sem viðtakandi greiðslu tekur við.

9. gr.

Aðgreining gjalda (e. *unblending*)

- Hver færsluhirðir skal, að því er varðar viðtakendur greiðslna, bjóða og innheimta þjónustugjöld söluaðila aðgreint fyrir hvern flokk og mismunandi vörumerki greiðslukorta með mismunandi milligjald nema viðtakendur greiðslna óski skriflega eftir því við færsluhirðinn að hann innheimti þjónustugjöld söluaðila í sameiginlegum pakka.
- Færsluhirðar skulu taka fram í samningum sínum við viðtakendur greiðslna sundurliðaðar upplýsingar um fjárhæð þjónustugjalda söluaðila, milligjöld og kerfisgjöld sem gilda fyrir hvern flokk og vörumerki greiðslukorta, nema viðtakandi greiðslu leggi fram skriflega ósk um annað.

10. gr.

Reglan um að taka við öllum kortum

- Greiðslukortakerfi og greiðsluþjónustuveitendur skulu ekki beita neinni reglu sem skyldar viðtakendur greiðslna, sem taka við kortatengdum greiðslumiðli sem gefinn er út af einum útgefanda, til að taka einnig við kortatengdum greiðslumiðlum sem gefnir eru út innan ramma sama greiðslukortakerfis.
 - Ákvæði 1. mgr. skal ekki gilda um neytendakortatengda greiðslumiðla sama vörumerkis og sama flokks fyrirframgreiddra korta, debetkorta eða kreditkorta sem falla undir milligjöld skv. II. kafla þessarar reglugerðar.
 - Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á þann möguleika greiðslukortakerfa og greiðsluþjónustuveitenda að kveða á um að ekki megi hafna kortum á grundvelli þess hver útgefandinn eða korthafinn er.
 - Viðtakendur greiðslna sem ákveða að taka ekki við öllum kortum eða öðrum greiðslumiðlum greiðslukortakerfis skulu upplýsa neytendur um þetta, með skýrum og ótvíræðum hætti, á sama tíma og þeir upplýsa neytendur um að þeir taki við öðrum kortum og greiðslumiðlum greiðslukortakerfisins. Þessar upplýsingar skulu birtar með áberandi hætti við inngang verslunarinnar og á kassanum.
- Ef um er að ræða fjarsölu skulu þessar upplýsingar birtar á vefsetri viðtakanda greiðslu eða á öðrum viðeigandi rafrænum eða færanlegum miðli. Veita skal greiðandanum þessar upplýsingar tímanlega áður en hann gerir kaupsamning við viðtakanda greiðslunnar.
- Útgefendur skulu tryggja að unnt sé að greina greiðslumiðla þeirra með rafrænum hætti og, ef um er að ræða nýútgefna korta-

tengda greiðslumiðla, einnig með sjónrænum hætti, sem gerir viðtakendum greiðslna og greiðendum kleift að greina með ótvíræðum hætti hvaða vörumerki og flokk fyrirframgreiddra korta, debetkorta, kreditkorta eða viðskiptakorta greiðandinn velur.

11. gr.

Reglur um stýringu

1. Reglur í nytjaleyfissamningum, í kerfisreglum sem greiðslukortakerfi nota og í samningum sem gerðir eru á milli kortafærslu-hirða og viðtakenda greiðslna, sem koma í veg fyrir að viðtakendur greiðslna stýri neytendum í átt að notkun greiðslumiðla sem viðtakandi greiðslu kýs, eru bannaðar. Þetta bann skal einnig ná yfir allar reglur sem banna viðtakendum greiðslna að meðhöndla kortatengda greiðslumiðla tiltekins greiðslukortakerfis með hagstæðari eða óhagstæðari hætti en aðra.
2. Reglur í nytjaleyfissamningum, í kerfisreglum sem greiðslukortakerfi nota og í samningum sem gerðir eru á milli kortafærslu-hirða og viðtakenda greiðslna sem koma í veg fyrir að viðtakendur greiðslna upplýsi greiðendur um milligjöld og þjónustugjöld söluaðila, eru bannaðar.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á reglurnar um gjöld, lækkun eða aðrar stýringaraðferðir sem settar eru fram í tilskipun 2007/64/EB og tilskipun 2011/83/ESB.

12. gr.

Upplýsingar til viðtakanda greiðslu um einstakar kortatengdar greiðslur

1. Eftir framkvæmd á stakri kortatengdri greiðslu skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu veita viðtakanda greiðslu eftirfarandi upplýsingar:
 - a) tilvísun sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á kortatengdu greiðsluna,
 - b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem notaður er við eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu,
 - c) fjárhæð allra gjalda vegna kortatengdu greiðslunnar, þar sem tilgreint er með aðgreindum hætti þjónustugjald söluaðila og fjárhæð milligjaldsins.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein má, með skýlausu fyrirframsamþykki viðtakanda greiðslu, taka saman eftir vörumerki, hugbúnaði, tegund greiðslumiðils og hlutfalli milligjalds sem gildir um færsluna.

2. Í samningum milli færsluhirða og viðtakenda greiðslna getur falist áskilnaður um að upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., skuli veittar eða komið á framfæri reglubundið, a.m.k. einu sinni í mánuði, á umsaminn hátt sem gerir viðtakendum greiðslna kleift að geyma og endurgera upplýsingarnar óbreyttar.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

13. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna lögbær yfirvöld sem hafa vald til að tryggja framfylgd þessarar reglugerðar og sem eru veittar rannsóknar- og framkvæmdarheimildir.
2. Aðildarríkjum er heimilt að tilnefna starfandi stofnanir til að gegna hlutverki lögbærra yfirvalda.
3. Aðildarríki mega tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld.
4. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi lögbæru yfirvöld eigi síðar en 9. júní 2016. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, án tafar, um hvers konar síðari breytingar varðandi þessi yfirvöld.
5. Hin tilnefndu lögbæru yfirvöld sem um getur í 1. mgr. skulu hafa fullnægjandi tilföng til að geta sinnt skyldum sínum.
6. Aðildarríki skulu skylda lögbær yfirvöld til að hafa virkt eftirlit með því að farið sé að þessari reglugerð, þ.m.t. að bregðast við tilraunum greiðsluþjónustuveitenda til að sniðganga þessa reglugerð, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum hennar.

14. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríki skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt.
2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 9. júní 2016 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

15. gr.

Uppgjör, kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar

1. Aðildarríki skulu tryggja og stuðla að fullnægjandi og árangursríkri kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar eða gera jafngildar ráðstafanir til að leysa deilumál sem kunna að rísa af þessari reglugerð milli viðtakenda greiðslna og greiðsluþjónustuveitenda þeirra. Í þeim tilgangi skulu aðildarríki tilnefna starfandi stofnanir, eftir því sem við á, eða koma á fót nýjum stofnunum. Stofnanirnar skulu vera óháðar aðilunum.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar stofnanir eigi síðar en 9. júní 2017. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um hvers konar síðari breytingar varðandi þessar stofnanir.

16. gr.

Almenn greiðslukort

1. Að því er varðar þessa reglugerð er ákvæðunum um debetkort eða debetkortafærslur beitt í tengslum við innlendar greiðslur sem greiðslukortakerfið getur ekki greint sem debet- eða kreditkortafærslur.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta aðildarríki, fram til 9. desember 2016, skilgreint hluta, sem er ekki stærri en 30% af innlendum greiðslum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem jafngildan kreditkortafærslum, sem hámarkið sem sett er um milligjald í 4. gr. gildir um.

17. gr.

Endurskoðunarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 9. júní 2019, senda skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu þessarar reglugerðar. Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar skal einkum fjalla um hversu viðeigandi stig milligjalda eru og um fyrirkomulag stýringar s.s. gjöld, með tilliti til notkunar og kostnaðar hinna ýmissa greiðslumiðla og umfang aðkomu nýrra þátttakanda, nýrrar tækni og nýstárlegra viðskiptalíkana á markaði. Matið skal einkum taka til athugunar:

- a) þróun á gjöldum greiðenda,
- b) samkeppnisstig milli veitenda greiðslukorta og greiðslukortakerfa,
- c) áhrif á kostnað greiðanda og viðtakanda greiðslu,
- d) umfang gegnumstreymis söluaðila á lækkun milligjalda,
- e) tæknilegar kröfur og afleiðingar þeirra fyrir alla þátttökuaðila,
- f) áhrif kortasamstarfs á notendavænleika, einkum fyrir eldra fólk og aðra viðkvæma notendur,
- g) áhrif þess að undanskilja viðskiptakort ákvæðum II. kafla á markaðinn, þar sem bornar eru saman aðstæðurnar í þeim aðildarríkjum þar sem aukagjald er bannað við aðstæðurnar þar sem þau eru leyfð,
- h) áhrif á markaðinn af sérákvæðum um milligjöld fyrir innlendar debetkortafærslur,
- i) þróun færsluhirðingar yfir landamæri og áhrif hennar á innri markaðinn, þar sem bornar eru saman aðstæður fyrir kort með hámark á gjöldum og kort sem ekkert hámark gildir um, til að taka til athugunar möguleikann á því að skýra hvaða milligjald gildir um færsluhirðingu yfir landamæri,
- j) beitingu í reynd á reglum um aðgreiningu greiðslukortakerfa og -vinnslu og nauðsyn þess að endurskoða lagalega sundurgreiningu,

k) mögulega nauðsyn þess, með hliðsjón af áhrifum 1. mgr. 3. gr. á raunverulegt virði milligjalda vegna meðalhárna og hárra debetkortafærslna, að endurskoða þá málsgrein með því að kveða á um að hámarkið skuli takmarkað við lægri fjárhæðina 0,07 evrur eða 0,2% af virði færslunnar.

Skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal, ef við á, fylgja tillaga að nýrri löggjöf sem getur innihaldið tillögu að breytingum á hámarki milligjalda.

18. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
2. Hún gildir frá 8. júní 2015 að undanteknum 3., 4., 6. og 12. gr. sem gilda frá 9. desember 2015 og 7., 8., 9. og 10. gr. sem gilda frá 9. júní 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 29. apríl 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins, *Fyrir hönd ráðsins,*

M. SCHULZZ. KALNIŃA-LUKAŠEVICA

forseti, *forseti.*
